

REGLUGERÐ

um námsmat í grunnskóla.

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um mat á námi þeirra sem stunda nám í grunnskóla, eða öðrum stofnunum sem annast fræðslu á grunnskólastigi. Reglugerðin gildir einnig um börn sem tilgreind eru í 50., 51. og 52. grein sömu laga að svo miklu leyti sem viðkomandi stofnanir, kennarar og sérfræðingar telja við eiga í hverju einstöku tilviki.

2. gr.

Tilgangur námsmats í grunnskóla er að:

- a) veita nemendum upplýsingar um gengi þeirra í náminu;
- b) örva nemendur til að leggja sig fram við námið;
- c) veita kennurum og nemendum upplýsingar um ýmsa þætti kennslunnar sem hafa má að leiðarljósi við frekari skipulagningu námsins;
- d) veita kennurum, foreldrum eða forráðamönnum nemenda upplýsingar um námsárangur;
- e) veita framhaldsskólum upplýsingar um árangur nemenda við lok náms í grunnskóla.

3. gr.

Námsmat fer fram á vegum skóla annars vegar og fræðslufirvalda hins vegar. Meginábyrgð á námsmati hvílir á hlutaðeigandi skóla. Námsmat á vegum skóla byggir á markmiðum náms og kennslu, bæði markmiðum aðalnámsskrár og þeim markmiðum sem hlutaðeigandi skóli, kennari eða nemendur og kennari sameiginlega hafa sett innan ramma gildandi laga og reglugerða. Námsmat á vegum fræðslufirvalda byggir á markmiðum námsskrár nema annað hafi verið tilkynnt fyrir upphaf skólaárs.

II.

Námsmat á vegum skóla.

4. gr.

Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með gengi nemenda, sbr. 3. gr. Með námsmatinu skal kanna:

- a) námsárangur hvers nemanda miðað við sett markmið;
- b) hversu skólastarfið stuðlar að auknum þroska, vekur áhuga og vellíðan og örvar nemandann til að leggja sig fram.

Námsmat skal vera fastur liður í skólastarfinu og fara stöðugt fram allan námstímann (sbr. 56. gr. grunnskólalaga).

Ráðuneytið skal veita skólum leiðbeiningar um námsmat (sbr. 58. gr. grunnskólalaga).

5. gr.

Í lok skólaárs eða námsáfangna skal gefa nemendum vitnisburð (sbr. 57. gr. grunnskólalaga). Skal annars vegar miða hann við hvernig nemandanum hefur gengið að ná markmiðum námsins og hins vegar veita umsögn um framfarir, ástundun og aðra þætti, sem skólinn leggur áherslu á. Ekki er nauðsynlegt að vitnisburður sé bundinn námsgreinum og gefinn fyrir þær hverja um sig.

Vitnisburður skal vera nemendum og forráðamönnum þeirra til leiðbeiningar og aðstoðar. Þegar vitnisburður er gefinn skal fyrst og fremst leitast við að draga fram þá þætti sem nemandanum tekst vel við. Þó skal ekki sniðganga þá þætti sem eru ófullnægjandi svo að leita megi orsaka þeirra og leiða til úrbóta.

Vitnisburður um námsárangur má gefa með mismunandi hætti eftir ákvörðun hvers skóla, nema á síðasta ári grunnskóla, þar sem gefa skal í heilum tölum 1—10. Nota má umsagnir í stuttu hnitmiðuðu máli, orð, setningar, tölur eða önnur ták. Ekki skal þó nota bókstafina A, B, C, D, E. Á vitnisburðarblaði skal geta um merkingu þeirra einkunna sem notaðar eru. Ef fimm stiga kvarði er notaður svarar

hæsta einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 80—100%	markmiða,
önnur einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 60—79%	—
þriðja einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 40—59%	—
fjórða einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 20—39%	—
lægsta einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 0—19%	—

Skólar hafa frjálst val um heiti einkunna.

Ef skóli telur nauðsynlegt að beita fingerðum einkunnakvarða, skal nota heilu tölurnar 1—10 og skal hafa til hliðsjónar eftirfarandi merkingu þeirra.

10	u. þ. b. 95—100%	markmiða	náð
9	— 85—94%	—	—
8	— 75—84%	—	—
7	— 65—74%	—	—
6	— 55—64%	—	—
5	— 45—54%	—	—
4	— 35—44%	—	—
3	— 25—34%	—	—
2	— 15—24%	—	—
1	— 0—14%	—	—

Ekki skal reikna meðaltal einkunna.

6. gr.

Almennt skal miða við þá reglu í skólum, þar sem bekkjarkerfi er, að nemendur færast upp um einn bekk á ári. Frávik frá þessu skulu ákveðin af skólastjórn og forráðamönnum nemandans. Hafa skal samráð við aðalkennara hans og fá umsagnir annarra kennara nemandans svo og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla. Gildir þetta hvort sem ætlunin er að seinka eða flýta nemanda í námi.

III.

Samræmd próf¹⁾

Markmið samræmdra prófa er:

- a) að láta skólunum í té upplýsingar um árangur í prófgreinum á landinu öllu eða á einstökum svæðum, sem gerir þeim kleift að bera prófárangur nemenda sinna saman við árangur stærri hópa.
- b) að veita framhaldsskólum upplýsingar um námsárangur nemenda til viðbótar skólamati.

8. gr.

Hver nemandi skal við lok grunnskóla ganga undir samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni hvort samræmd próf

¹⁾ Samræmt próf merkir hér próf sem lagt er fyrir allan árganginn á sama tíma. Innan prófsins geta verið jafngildir valþættir, sem miðast þó við sömu megin markmið.

skuli lögð fyrir allan árganginn í öðrum greinum og þá hverjum. Með samræmdum prófum skal leitast við að prófa grundvallaratriði í námsgreinunum.

9. gr.

Á samræmdum prófum miðast einkunnir við stöðu nemandans í þeim nemendahópi sem tekur prófið. Einkunnir eru fimm:

A, B, C, D, E og skulu þær miðast við eftirfarandi:

Einkunnina	A	hljóti	u. þ. b.	7%	nemenda. Þeir sem fengu flest stig.
—	B	—	—	24%	nemenda. Þeir sem leystu prófverkefnið betur en í meðallagi.
—	C	—	—	38%	nemenda. Þeir sem leystu prófverkefnið í meðallagi.
—	D	—	—	24%	nemenda. Þeir sem leystu prófverkefnið lakar en í meðallagi.
—	E	—	—	7%	nemenda. Þeir sem fengu fæst stig.

10. gr.

Gerð og úrvinnsla samræmdra prófa fara fram á vegum menntamálaráðuneytisins og skal sérfróður maður í námsmati hafa umsjón með því starfi.

11. gr.

Skólum er skylt að halda samræmd próf og nemendum skylt að þreyta þau nema önnur neðantalinna ástæðna hindri það:

- a) forföll vegna veikinda;
- b) undanþága frá próftöku.

Heimilt er að veita einstökum nemendum undanþágu frá því að taka próf ef forráðamenn þeirra sækja um slíkt og tilgreina rökstuddar ástæður enda mæli skólastjórn, aðalkennari hlutaðeigandi bekkjardeildar og ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skóla með slíkri umsókn. Hafi nemandi fengið undanþágu frá því að þreyta samræmt próf skal geta um það á vitnisburðarblaði. Ráðuneytið getur, sbr. 65. gr. grunnskólalaga, veitt einstaka skólum undanþágu frá því að halda samræmd próf í einstökum greinum enda liggi fyrir rökstudd greinargerð viðkomandi skóla fyrir upphaf skólaárs.

12. gr.

Ef nemandi forfallast vegna veikinda við samræmt (d) próf, skal skólinn gefa nemandanum einkunn(ir) A, B, C, D eða E í þeirri (þeim) grein(um), sbr. 9. gr. sem hann tók ekki próf í. Skal þá höfð hliðsjón af því hvernig háttáð er sambandi milli vitnisburðar skólans að vori og einkunna á samræmdum prófum hjá öðrum nemendum í sama skóla. Fleiri en einn aðili skal gefa þessa einkunn, t. d. skólastjóri og kennari í greininni. Við „samræmda“ einkunn sem gefinn er á þennan hátt skal skrifuð athugasemdin: „Var veik(ur). Skólamat“.

13. gr.

Ráðuneytið sendir niðurstöður samræmdra prófa beint til skólastjóra ásamt upplýsingum um meðaltal og dreifingu einkunna í skólanum og fyrir allt landið. Skólastjóri miðlar vitneskjunni áfram til kennara.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við fræðslustjóra skipa skólum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra prófa (sbr. 61. gr. grunnskólalaga).

Ráðuneytið skipar ennfremur prófdómara til starfa við samræmd próf (sbr. 61. gr. grunnskólalaga). Við skipun prófdómara skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu.

Ráðuneytinu er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til, að skipa trúnaðarmann til eftirlits við námsmat í lokabekk skóla þar sem skóla lýkur fyrir en með 9. bekk.

Ráðuneytið setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

15. gr.

Fræðslufirvöldum er heimilt að leggja fyrir próf eða kannanir í einstökum námsþáttum á einstökum námsárum á landinu öllu, í tilteknum landshlutum eða ákveðnum skólum.

IV.

Brautskráning úr grunnskóla.

16. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skirteini er votti að hann hafi lokið því. Einnig skal nemandinn fá vitnisburðarblað. Á það skal skrá valgreinar nemandans, vitnisburð skólans og úrslit samræmdra lokaprófa. Menntamálaráðuneytið gefur út staðal fyrir slík skirteini.

Engin einkunn við lok grunnskóla telst falleinkunn í þeim skilningi að nemandi þurfi að endurtaka nám í grunnskóla.

17. gr.

Þeir sem eru orðnir 16 ára eða eldri og óska að þreyta samræmd próf utan skóla í 9. bekk hafa rétt til þess.

V.

Ýmislegt.

18. gr.

Öll gögn, sem veita upplýsingar um námsárangur og gengi einstaklinga í skóla, eru trúnaðarmál skólastjórnar og fræðslufirvalda og er þeim óheimilt að veita öðrum en nemendum sjálfum og forráðamönnum þeirra upplýsingar þar um nema nauðsyn beri til:

- a) vegna flutninga nemenda milli skóla;
- b) vegna athugana sem gerðar eru innan skóla, af fræðslufirvöldum eða vegna starfa á vegum ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla;
- c) vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu um einstaklinga og skal menntamálaráðuneytið veita slík leyfi.

Um varðveislu þessara upplýsinga fer eftir ákvæðum reglugerðar um þjóðskjalasafn Íslands.

19. gr.

Fræðslustjórar skulu fylgjast með því hver í sínu umdæmi að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í grunnskólum og sérstofnunum, sem annast fræðslu á grunnskólastigi.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 61. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast hún gildi frá og með 1. júní 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 398/1977 um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla svo og önnur ákvæði sem fara í hága við þessa reglugerð.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. febrúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Birgir Thorlacius.

19. febrúar 1980.

Nr. 142.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 6.67% frá 1. mars 1980 frá því sem þær voru 1. febrúar 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. febrúar 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

12. febrúar 1980.

Nr. 143.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps,
nr. 263 30. maí 1975.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 28 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 28 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 9 500.

Gjaldddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út úr höfninni í þrjá mánuði.